



Ytra mat

Leikskólinn Hádegishöfði

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Kolbrún Vigfúsdóttir og Björk Ólafsdóttir

© Menntamálastofnun, 2018.

ISBN 978-9979-0-2204-6

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn og umhverfi hans	8
Leikskólinn	8
Starfsmenn.	8
Húsnæði	8
Útileiksvæði	8
Hugmyndafræði og áherslur	8
Stjórnun	10
Stjórnskipulag og skipurit.	10
Námskrá og áætlanir	10
Stjórnun og starfsmenn.	10
Fagleg forysta	11
Starfsandi og starfsánægja	12
Uppeldis- og menntastarf	14
Námsaðstæður	14
Starfshættir	14
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	14
Námssvið	15
Velferð og líðan barna.	15
Mat á námi og velferð barna	15
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	17
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	17
Viðhorf foreldra	18
Samstarf við grunnskóla	18
Annað samstarf	18
Skóli án aðgreiningar	20
Skólaþjónusta og sérkennsla	20
Börn með annað móðurmál en íslensku	20
Innra mat	21
Matsþættir	22
Samantekt.	23
Lokaorð	26
Heimildir.	27

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og fræðslunefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Hádegishöfði hóf starfsemi 1. október 1987. Leikskólinn er tveggja deilda og þar dvelja 39 börn og 15 starfsmenn. Að áliti matsaðila uppfyllir húsnæði Hádegishöfða tæplega kröfur um rými sem gerðar eru til leikskólahúsnæðis samkvæmt reglugerð um starfsumhverfi leikskóla. Húsnæðið er þröngt í tveim aðskildum húsum. Húsnæðið gefur ekki kost á hreyfileikjum og rými fyrir skapandi starf er takmarkað. Aðstaða fyrir undirbúning, fundi og viðtöl er einnig óviðunandi. Hefja þarf endurbætur á húsnæði og útileiksvæði sem fyrst. Hlutfall leikskólakennara af starfsmannahópnum uppfyllir ekki ákvæði laga um menntun og ráðningu kennara. Í leikskólanum er unnið með ákveðnar áherslur í starfinu en styrkja þarf starfshópinn til að vinna í samræmi við þær. Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð fyrir starfið en gera þarf þau sýnilegri fyrir starfsmenn og foreldra.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Góð samvinna er við fræðslunefnd Fljótsdalshéraðs en leikskólastjóri gerir athugasemd við þjónustu skólaskrifstofu. Áherslur menntastefnu Fljótsdalshéraðs endurspeglast í starfi leikskólans. Í leikskólanum er unnið samkvæmt jafnréttis- og forvarnarstefnu sveitarfélagsins Leikskólinn hefur áfalla- og eineltisáætlun. Mótuð hefur verið móttökuáætlun fyrir börn. Námskrá leikskólans er í endurskoðun og þarf að ljúka því starfi sem fyrst. Ekki hefur verið unnin starfsáætlun fyrir 2018-2019 en venja er á Fljótsdalshéraði að skila starfsáætlun samhliða fjárhagsáætlun. Ekki voru tekin starfsþróunarsamtöl á síðasta ári. Starfsmenn eru ánægðir með upplýsingaflæði innan leikskólans og segjast fá tækifæri og svigrúm til að afla sér símenntunar. Góðar starfslýsingar eru til fyrir alla starfsmenn. Góður starfsandi er í leikskólanum og lýðræðisleg vinnubrögð einkenna starfið. Starfsmenn og foreldrar eru ánægðir með stjórn leikskólans. Nokkuð vantar af skráðum gögnum fyrir leikskólann eins og verklagsreglur um viðbrögð við slysum, móttökuáætlun vegna ráðninga nýrra starfsmanna, starfsmannahandbók, öryggis og rýmingaráætlun.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Í leikskólanum er unnið samkvæmt árlegu skóladaðgatali og dagskipulag tekur mið af því að börnin eru til skiptis úti og inni í þeim tilgangi að nýta betur húsnæði og bjóða börnunum fjölbreyttari verkefni. Unnið er með læsi og stærðfræði í leikskólanum í samræmi við sáttmála um bættan námsárangur leik- og grunnskóla á Fljótsdalshéraði. Lögð er áhersla á hópastarf, val og frjálsan leik. Unnið er með markvissa málörvun. Samstarf og samábyrgð starfsmanna er sýnileg í leikskólanum og andrúmsloft leikskólans er afslappað og einkennist af virðingu. Starfsmenn eru stoltir af starfi sínu og bera umhyggju fyrir börnunum. Unnið er með námssvið leikskólans í hópastarfi og daglegum athöfnum en auka mætti vinnu með skapandi starf. Unnið er samkvæmt umhverfismarkmiðum *Skóla á grænni grein*. Í mati á þroska og framförum barna eru notuð viðurkennd matstæki. Góð samvinna er milli heilsugæslu og leikskóla. Leikskólinn starfar í anda Reggio Emilia og ætti að endurskoða leikfanga- og efnisval í samræmi við það. Lýðræðisleg þátttaka barna er ekki nægilega markviss. Ritmál og stærðfræðitákn eru ekki nægilega sýnileg í öllum leikskólanum og gera ætti umhverfismarkmið sýnilegri.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og fundar reglulega með leikskólastjóra. Foreldrafélag er einnig starfandi og er í góðu sambandi við stjórnendur og starfsmenn leikskólans. Foreldrafélagið styður vel við starf hans. Foreldrar þekkja stefnu leikskólans en ekki einkunnarorð. Þeir eru ánægðir með upplýsingagjöf skólans og samskipti við stjórnendur og starfsmenn. Foreldrar eru ánægðir með vinnu

leikskólans í tengslum við mat á þroska barna og viðbrögð hans við þörfum einstakra barna. Gott samstarf er við grunnskóla og tónlistarskóla og aðrar stofnanir í bæjarfélaginu. Tryggja þarf foreldrum aðkomu að stefnumótun leikskólans og endurskoðun námskrár.

Skóli án aðgreiningar

Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann og skipulag sérkennslu er á hans ábyrgð. Allir starfsmenn þekkja aðstæður sérkennslubarna og fer kennsla þeirra fram einstaklingslega og í almennu starfi á deildum. Í leikskólanum er unnið með markvissa málörvun og börn sem eiga annað móðurmál en íslensku fá íslenskukennslu og málörvun. Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir stuðningsbörn með greiningu og teymi er myndað kringum þau. Reynt er að vinna með fjölmenningu í leikskólanum með samstarfi milli heimilis og skóla. Til eru verkferlar um sérkennslu í leikskólanum.

Innra mat

Skólapúlsinn er nýttur fyrir foreldra- og starfsmannakannanir. Börnin koma að mati í leikskólanum í tengslum við mat á Grænfánaverkefni. Í gögnum hans kemur lítið annað fram um vinnu við innra mat. Leikskólinn þarf að gera áætlun um innra mat á starfi sínu og velja leiðir og verkfæri til þess. Leggja þarf áherslu á að allir innan leikskólasamfélagsins komi að matinu, starfsmenn, foreldrar og börn.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Hádegishöfða Lagarfelli 15, Egilsstöðum. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Björk Ólafsdóttur og Kolbrúnu Vigfúsdóttur og fór fram á vettvangi 17. til 18. september 2018. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, skólalþjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.¹

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólabróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi.² Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 10. september 2018 á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsmenn dvöldu tvo daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, starfsmenn, foreldra og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og haft var samband við fræðslustjóra. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.³ Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra og fræðslustjóra til yfirlstrar.

1 Lög um leikskóla nr. 90/2008.

2 Skólanámskrá, starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

3 Sjá nánar í lok skýrslunnar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn

Leikskólinn Hádegishöfði Lágafelli 5, Egilsstöðum er tveggja deilda leikskóli þar sem dvelja 39 börn. Leikskólinn hóf starfsemi 1. október 1987. Börnin í leikskólanum eru á aldrinum eins til sex ára, 19 stúlkur og 20 drengir. Tvö börn njóta stuðnings/sérkennslu og fimm börn eiga annað móðurmál en íslensku. Leikskólinn er opinn 7:45-16:15 alla virka daga.

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 15 starfsmenn í alls 12,9 stöðugildum. Enginn karlmaður starfar við skólann. Leikskólustjóri og aðstoðarleikskólustjóri eru leikskólakennaramenntaðir í samtals 172,5% stjórnunarstöðu. Deildarstjórar eru með leikskólakennaramenntun. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.⁴ Leikskólakennarar eru þrír auk leikskólustjóra. Við leikskólann starfa auk leikskólakennara einn starfsmaður í leikskólakennaranámi, þroskaþjálfari, leikskólaliði, hjúkrunarfræðingur og starfsmaður með BA próf í dönsku. Aðrir starfsmenn eru ófaglærðir. Tveir leikskólakennarar og sérkennslustjóri eru í ársleyfi. Nokkur starfsmannavelta er í leikskólanum en fimm starfsmenn hafa starfað í leikskólanum yfir 10 ár. Leikskólustjóri hefur starfað sem leikskólustjóri samfelld frá árinu 2001, utan ársleyfis 2014-2015.

Húsnæði

Hádegishöfði hýsir tvær leikskóladeildir. Leikskólinn uppfyllir tæplega lög um leikskóla nr. 90/2008 eða reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.⁵ Aðstaða í húsinu er þröng og hljóðvist ekki viðunandi. Húsið skiptist í tvær heimastofur, hvíldarherbergi, salernisaðstöðu og fataklefa fyrir hvora deild. Sameiginlegt rými í leikskólanum er notað fyrir skapandi starf, samverustundir og einn hópur borðar þar í hádeginu. Rými er fyrir sérfræðiþjónustu og sameiginlegt vinnurými er fyrir leikskólustjóra og aðstoðarleikskólustjóra/sérkennslustjóra. Í húsi sem ekki er áfast við leikskólann er setustofa fyrir starfsmenn, snyrtiaðstaða, læstir skápar og fatahengi. Undirbúningsherbergi starfsmanna er í þessu sama húsi. Aðstaða til undirbúnings, viðtala og fundahalda er óviðunandi þar sem notað er sama svæði og setustofa starfsmanna og opið á milli. Í leikskólahúsnæðinu er ekki aðstaða fyrir hreyfileiki en aðgangur að íþróttahúsi grunnskólans. Í leikskólanum er ekki framleiðslueldhús en matur keyptur frá Skólamötuneyti Fljótsdalshéraðs í Egilsstaðaskóla sem framleiðir skólamat fyrir leik- og grunnskólana í þéttbýlinu. Bæjarstjórn sveitarfélagsins samþykkti á fundi sínum þann 6. júní 2017 viðbyggingu við leikskólann. Gert er ráð fyrir að eftir breytingu verði leikskólinn fjöggra deilda fyrir 80-90 nemendur.⁶ Samkvæmt upplýsingum frá leikskólustjóra er búið að ganga frá fjárveitingu fyrir framkvæmdinni og hönnun er á lokastigi.⁷

Útileiksvæði

Útileiksvæði er sæmilega rúmgott en ekki vel skipulagt varðandi aðstöðu og öryggi yngstu barnanna. Leiktæki og svæðið allt þarfnast lagfæringar. Samkvæmt upplýsingum frá leikskólustjóra verður leiksvæði leikskólans endurbætt í tengslum við stækkun húsnæðis.⁸

Hugmyndafræði og áherslur

Á Hádegishöfða er horft til hugmynda Reggio Emilia með áherslu á lýðræði og valdeflingu. Hádegishöfði er *Skóli á grænni grein* frá árinu 2009 og sækir um Grænfánann í fjórða sinn árið 2018. Einkunnarorð leikskólans eru sótt í smiðju Aristotelesar, *Án menntunar hjartans er alls engin menntun*. Í rýnihópum kom fram að starfsmenn og foreldrar þekkja ekki einkunnarorð leikskólans.⁹ Unnið er með læsi og stærðfræði samkvæmt samkomulagi sem leikskólustjórar og fræðslufirvöld á starfs-

4 Lög um ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

5 SReglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

svæði Skólaskrifstofu Austurlands gerðu með sér í janúar 2015. Tilgangurinn er að auka áherslu á læsi og stærðfræði í leikskólunum. Að sögn leikskólastjóra þarf að leggja meiri áherslu á viðhalda vinnu í anda Reggio.¹⁰ Starfsmenn og foreldrar þekkja og eru ánægðir með stefnu leikskólans.¹¹ Fram kom hjá leikskólastjóra að hann vill leggja áherslu á að efla trú barnanna á eigin getu og þroska mennskuna í hverjum og einum.¹² Sameiginleg sýn starfshópsins er að viðhalda eigi þeim áherslum sem unnið hefur verið með fram að þessu. Í foreldrakönnun kemur fram að þeir eru almennt ánægðir með leikskólann, telja að vel sé unnið með jafnrétti í leikskólanum, umhverfismennt og félagsfærni.¹³

Styrkleikar

- Leikskólinn og hefur sett sér einkunnarorð.
- Unnið er með ákveðnar áherslur í leikskólastarfinu.
- Leikskólinn er Leikskóli á grænni grein.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa.
- Mikilvægt er að bæta sem fyrst húsnæðisaðstöðu barna og starfsmanna og endurskipuleggja útileiksvæði leikskólans.
- Gera þarf einkunnarorð leikskólans sýnilegri fyrir starfsmenn og foreldra.
- Leita þarf leiða til að styrkja starfshópin í að vinna í samræmi við áherslur leikskólans.

6 Fundargerð bæjarstjórnar.

7 Upplýsingar frá leikskólastjóra.

8 Upplýsingar frá leikskólastjóra.

9 Rýnihópur deildarstjóra, starfsmanna og foreldra.

10 Viðtal við leikskólastjóra.

11 Rýnihópar deildarstjóra, starfsmanna og foreldra.

12 iðtal við leikskólastjóra

13 Foreldrakönnun.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili leikskólans er Fljótsdalshérað. Á vegum sveitarfélagsins starfar fræðslunefnd sem skipuð er fimm fulltrúum kosnum af bæjarstjórn. Fræðslunefnd fer með málefni leik-, grunn- og tónlistarskóla á Fljótsdalshéraði. Fræðslustjóri Fljótsdalshéraðs ber ábyrgð á stjórn og rekstri fræðslumála sveitarfélagsins Leikskólastjórar Hádegishöfða og Tjarnarskógar skiptast á um að vera fulltrúar leikskólastjóra á fundum fræðslunefndar. Þegar málefni sem tengjast Hádegishöfða eru tekin fyrir hjá nefndinni mætir leikskólastjóri á fundi.¹⁴ Leikskólastjóri kynnir fjárhagsáætlun, starfsáætlun og endurmenntunaráætlun. Hann getur komið ábendingum á framfæri og í sumum tilfellum sameinast leikskólastjórnir á Egilsstöðum um málefni sem þeir leggja fyrir nefndina. Fljótsdalshérað stendur að rekstri skólaskrifstofu ásamt fleiri sveitarfélögum á Austurlandi, þar geta kennarar og foreldrar leitað eftir aðstoð fagfólks varðandi greiningu, fræðslu og ráðgjöf. Skólaskrifstofa Austurlands sem er byggðasamlag og hefur það hlutverk að þjónusta skóla á Austurlandi m.t.t. sérkennslu. Sérfræðingar á skólaskrifstofu eru talmeinafræðingur og sálfræðingur. Leikskólastjóri gerir athugasemd við þjónustu skólaskrifstofu Austurlands. Biðlistar til sérfræðinga séu langir og enginn sérfræðingur eða starfsmaður á skólaskrifstofunni hefur leikskólakennaramenntun. Stjórnendur og starfsmenn leikskóla hafi því ekki möguleika á nauðsynlegum faglegum stuðningi. Gott samstarf er milli leikskólans, fræðslustjóra og fræðsluskrifstofu.¹⁵ Hjá Fljótsdalshéraði er ekki boðið upp á leikskólaráðgjöf en leikskólastjóri getur leitað eftir handleiðslu til fræðslustjóra.¹⁶ Menntastefna Fljótsdalshéraðs 2008-2027 liggur fyrir.¹⁷ Áherslur menntastefnunnar endurspeglast í starfi leikskólans. Sveitarfélagið hefur sett jafnréttis- og forvarnarstefnu. Skipurit yfir stjórnskipulag sveitarfélagsins með tilliti til leikskólans liggur fyrir en ekki er til skipurit fyrir leikskólann.

Námskrá og áætlanir

Námskrá fyrir leikskólann er í endurskoðun og að sögn leikskólastjóra er vinna við nýja skólanámskrá langt komin.¹⁸ Foreldrar hafa ekki komið að endurskoðun námskrár. Starfsmenn segjast ekki koma að gerð skólanámskrár eða starfsáætlunar, leikskólakennararnir sjá um það og kynni síðan fyrir starfsfólki.¹⁹ Ekki hefur verið hefur verið unnin starfsáætlun fyrir starfsárið 2018-2019.²⁰ Samkvæmt upplýsingum frá leikskóla er það venja á Fljótsdalshéraði að skila starfsáætlun samhliða fjárhagsáætlun sem afgreidd er í desember. Þess vegna hefur starfsáætlun fyrir skólaárið ekki verið samþykkt. Áætlun er til um upphaf leikskólagöngu barna. Leikskólinn vinnur samkvæmt jafnréttis- og forvarnarstefnu leikskóla Fljótsdalshéraðs og leikskólinn hefur sett sér áfallaáætlun og eineltisáætlun. Ekki er til rýmíngaráætlun vegna bruna í leikskólanum og hann er ekki með verklagsreglur um viðbrögð við slysum. Öll slys eru skráð á þar til gerð eyðublöð. Starfsmannahandbók er ekki í leikskólanum en unnar hafa verið ýtarlegar starfslýsingar fyrir alla starfsmenn.²¹

Stjórnun og starfsmenn

Stjórnun leikskólans er í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 um viðurkennda starfshætti. Stjórnunarteymi leikskólans mynda veturinn 2018-2019 leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar. Fundir í stjórnunarteymi eru haldnir vikulega klukkutíma í senn. Skrifaðar eru fundargerðir á öllum fundum og liggja þær frammi í kaffistofu starfsmanna.²² Upplýsingaflæði innan leikskólans er að sögn starfsmanna gott. Upplýsingum er komið á framfæri í fundargerðabókum, tölvupósti og á upplýsingatöflu sem starfsmönnum ber að lesa á hverjum morgni. Auk þess kemur leikskólastjóri upplýsingum beint til deildarstjóra ef með þarf.

Ekki er til skráð verkaskipting milli leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Verkaskipting milli stjórnenda er óvenjuleg þetta árið þar sem sérkennslustjóri er í leyfi. Leikskólastjóri tekur störf hans en aðstoðarleikskólastjóri tekur á móti hluta af störfum leikskólastjóra auk þess að vera með kennsluskyldu á deild. Aðstoðarleikskólastjóri er einnig hluti af læsisteymi leikskólans. Deildarstjórar skipuleggja störf á deildum. Allir starfsmenn taka þátt í tveggja manna teymisvinnu og sér hvert teymi um ákveðin námssvið þvert á deildir og skipuleggja þeir vinnu sinna hópa. Við skipulagningu og stjórnun

14 Upplýsingar frá fræðslustjóra.

15 Viðtal við leikskólastjóra.

16 Upplýsingar frá fræðslustjóra.

17 Heimasiða Fljótsdalshéraðs.

18 Viðtal við leikskólastjóra.

19 Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

20 Heimasiða leikskólans.

21 Viðtal við leikskólastjóra.

22 Viðtal við leikskólastjóra.

23 Viðtal við leikskólastjóra.

24 Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

25 Rýnihópur deildarstjóra.

á einstökum viðburðum er valið fólk af báðum deildum.²³

Áætlun um skipulagsdaga fyrir starfsárið kemur fram á skóladagatali. Starfsdagar eru sex á ári. Starfsmannafundir eru haldnir tvisvar á önn, tvo tíma í senn. Heimilt er að nýta einn starfsdag sem ígildi starfsmannafunda og dreifa þeim yfir skólaárið. Allir fundir eru fyrir utan dagvinnutíma. Starfsmannafundir eru nýttir til fræðslu og umræðu um faglegt starf. Deildarfundir eru áætlaðir vikulega 45 mínútur í senn, fundargerðir eru skráðar í fundargerðabækur sem liggja frammi á deildum.²⁴ Deildarfundir eru nýttir til að fjalla um börn og stöðu þeirra í námi og þroska. Einnig er fjallað um mál deilda bæði starfið með börnunum og starfsmannamál.²⁵

Við ráðningu nýrra starfsmanna er fylgt lögum nr. 87/2008 um ráðningu kennara og skólastjórnenda og farið eftir verkferlum frá sveitarfélaginu um auglýsingar. Ekki er virk móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn en leikskólastjóri sér um ráðningarviðtöl og er í samvinnu við launafulltrúa og fræðslustjóra sveitarfélagsins þegar meta þarf starfsmenn inn í launaflokka. Starfsmenn skrifa undir trúnaðar- og þagnarheit. Ekki er til starfsmannahandbók í leikskólanum en nýjum starfsmönnum er leiðbeint af deildarstjórum. Allir starfsmenn starfa eftir stundaskrá sem þeir fá í upphafi skólaárs.

Starfsmenn eru áhugasamir um að sækja sér endurmenntun. Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að langt og kostnaðarsamt er að sækja sér endurmenntun til Reykjavíkur eða Akureyrar og fjármagn sem stéttarfélagið veitir er takmarkað. Deildarstjórar töldu að of sjaldan væri boðið upp á fjárfundar- búað á námskeiðum.²⁶ Á vegum Austurbrúar var unnin þriggja ára starfsþróunaráætlun fyrir almennt starfsfólk leik- og grunnskóla árið 2017. Austurbrú styðst við svonefnda *Markviss aðferðafræði* þar sem unnið er kerfisbundið að starfsmannapróun og gerður samningur um „fræðslustjóra að láni“ sem tekur út fræðsluþörf viðskiptavinarins.²⁷ Samkvæmt henni er boðið upp á ýmis námskeið fyrir leikskóla svo sem HLJÓM-2 og TRAS. Starfsmenn töldu sig hafa möguleika á endurmenntun og nefndu Haustþing sem leikskólar fjórðungsins skiptast á að halda fyrir fjórðunginn og einnig námskeið á vegum sveitarfélagsins svo sem Lubba- og myndlistarnámskeið, námskeið um slysavarnir og barnaverndarmál.²⁸ Fram kom að starfsmenn eru hvattir til að afla sér endurmenntunar.²⁹ Að sögn leikskólastjóra skarast námskeið fyrir ófaglærða starfsmenn á vegum sveitarfélagsins of mikið við starfsdaga leikskólans. Hluti starfsmanna missir því töluvert af starfsdögum sem er slæmt bæði hvað varðar skipulag og uppbyggingu leikskólastarfsins og starfsmennina sjálfa.³⁰

Fagleg forysta

Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að í leikskólanum væri lögð áhersla á dreifða ábyrgð meðal allra starfsmanna, reynt er að stuðla að þátttöku allra bæði í ákvarðanatöku og verkefnum og virkja starfsmenn sem leiðtoga til forystu í ákveðnum verkefnum. Leikskólastjóri sagðist vera þess meðvitaður að hann vildi ekki vera með alla þræði í sinni hendi og að hans mati gefur vinna í teymum bestu niðurstöðurnar. Leikskólastjóri sagðist reyna að vera til staðar, veita kennslufræðilega forystu og vera stuðningur við starfsmenn í uppeldisstarfinu. Hann fer inn á deildir og fylgist með og telur það góða leið til að kynnast börnunum og vera inni í samræðu starfsmanna um skólastarfið.³¹ Leikskólastjóri sagði börnin alltaf velkomin að líta inn hjá honum og öll börnin þekki hann. Börn í rýnihópi nefndu ekki nafn leikskólastjórans en vissu hvar skrifstofan hans var.

Fram kom hjá deildarstjórum að þeim væri treyst fyrir verkefnum sem eykur vilja þeirra til að ná góðum árangri. Vinna í teymum eykur starfsmönnum faglegan styrk, þeir ræða saman og nýta hver annars styrkleika. Starfsmenn eru valdir í teymi út frá áhuga þeirra og þekkingu. Þeir sögðu leikskólastjóra ekki hrósa mikið en tóku fram að almennt mættu allir bæta sig í því.³² Starfsmenn sögðust helst fá hrós frá deildarstjórum en leikskólastjórinn hrósi fyrir einstaka vel unnin verkefni og hrósi hópnum í heild á fundum.³³ Deildarstjórar nefndu að leikskólastjóri sýni að hann kann að meta þegar þeir taka að sér ákveðin tímabundin verkefni.³⁴ Starfsmenn voru ánægðir með stjórn leikskólans, sögðu að leikskólastjórinn væri vel sýnilegur og gott aðgengi að honum.³⁵ Leikskólastjóri hefur yfirleitt tekið starfsþróunarviðtöl við alla starfsmenn árlega en þau voru ekki tekin síðastliðið ár.³⁶ Samstarf og samábyrgð starfsmanna á deildum er sýnileg og fram kom hjá öllum starfsmönnum að samstarf milli deilda er

26 Rýnihópur deildarstjóra.

27 Upplýsingar frá leikskólastjóra og Heimasíða Fljótaldshéraðs

28 Upplýsingar frá leikskólastjóra og rýnihópur starfsmanna.

29 Rýnihópur deildarstjóra.

30 Viðtal við leikskólastjóra.

31 Viðtal við leikskólastjóra.

32 Rýnihópur deildarstjóra.

33 Rýnihópur starfsmanna.

34 Rýnihópur deildarstjóra.

35 Rýnihópur starfsmanna.

36 Viðtal við leikskólastjóra, rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

gott. Samkvæmt upplýsingum frá fræðslustjóra telur yfirstjórn skólamála að leikskólanum sé faglega og vel stjórnað og leikskólinn hafi gott orð á sér í samfélaginu.³⁷

Starfsandi og starfsánægja

Sérstök starfsmannastefna er ekki til í leikskólanum en vel útfærðar starfslýsingar eru fyrir alla starfsmenn. Starfsmenn eru stoltir af leikskólastarfinu og hafa trú á gæðum þess. Almennt töldu starfsmenn að störf sín væru metin og þekking þeirra og hæfni nýttist í starfi. Starfsmenn deila þekkingu sín á milli og vel er tekið í nýjar hugmyndir. Metnaður og samviskusemi einkennir vinnu starfshópsins. Almennt sögðu starfsmenn að þeim liði vel í vinnunni og starfsandinn væri í heildina góður.³⁸

Stjórnendur og starfsmenn sögðu lýðræðisleg vinnubrögð einkenna starf á deildum og milli deilda og töldu að teymisvinnan hjálpaði þar til og stuðlaði auk þess að betri nýtingu húsnæðisins. Stjórnendur sögðust leggja áherslu á að reyna að viðhalda þessum lýðræðislegu vinnubrögðum og mikilvægt sé að taka á ágreiningsmálum strax. Starfsmenn töldu starfsandann einkennast af gagnkvæmri virðingu og trausti og starfsmenn fá að þróast sem einstaklingar.³⁹ Starfsmenn deila þekkingu sín á milli og geta bæði gefið og þegið ráðgjöf.⁴⁰ Deildarstjórar töldu sig ekki gera mikið af því að veita einstaklingsráðgjöf, þeir noti meira deildarfundi til að ræða starfsaðferðir. Leikskólakennarar fá umsaminn undirbúningstíma.

Til að viðhalda góðum starfsanda fara starfsmenn saman á námskeið innanlands og erlendis, fara saman út að borða og eru með uppákomur í leikskólanum einu sinni í mánuði. Í undirbúningi eru aukin samskipti milli leikskólanna á Fljótsdalshéraði. Foreldrar töldu að starfsandinn í leikskólanum væri í heildina góður en fólk væri þó alltaf misjafnt. Almennt væri jákvæður andi í leikskólanum en foreldrar skynja stundum þreytu vegna þröngs húsnæðis. Foreldrar töldu starfsmenn almennt metnaðarfulla.⁴¹

Styrkleikar

- Áherslur menntastefnu Fljótsdalshéraðs endurspeglast í starfi leikskólans.
- Leikskólinn er í góðu samstarfi við fræðslustjóra og fræðslunefnd Fljótsdalshéraðs.
- Leikskólinn vinnur samkvæmt jafnréttis- og forvarnarstefnu sveitarfélagsins og hefur mótað áfallaáætlun.
- Til er áætlun um upphaf leikskólagöngu barna.
- Í leikskólanum eru góðar starfslýsingar fyrir alla starfsmenn.
- Starfsmenn eru ánægðir með upplýsingaflæði innan leikskólans.
- Fylgt er lögum við ráðningu nýrra starfsmanna og starfsmenn skrifa undir trúnað og þagnarheit.
- Starfsmenn fá tækifæri og svigrúm til símenntunar.
- Lögð er áhersla á að dreifa verkefnum, nýta mannauðinn og vinna í teyrum og starfsmenn eru stoltir af starfi sínu.
- Starfsmenn og foreldrar eru ánægðir með stjórn leikskólans.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna starf á deilum og milli deilda.
- Góður starfsandi er í leikskólanum og lögð áhersla á að viðhalda honum.
- Leikskólakennarar fá umsaminn undirbúningstíma.

37 Upplýsingar frá fræðslustjóra.

38 Viðtal við stjórnendur, rýnihópa deildarstjóra og starfsmanna.

39 Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

40 Rýnihópur deildarstjóra.

41 Rýnihópur foreldra.

Tækifæri til umbóta

- Fræðslufirvöld Fljótsdalshéraðs og Skólaskrifstofa Austurlands taki til umræðu ábendingar leikskólastjóra um langa bið eftir sálfræði- og þroskamati og sérfræðiþjónustu.
- Í samræmi við Aðalnámskrá 2011 þarf vinna starfsáætlun með aðkomu allra starfsmanna, foreldra og barna.
- Ljúka þarf endurskoðun skólanámskrár með aðkomu allra starfsmanna, foreldra og barna.
- Tryggja þarf að allir starfsmenn fái starfsþróunarsamtal við leikskólastjóra árlega.
- Gera þarf öryggis og rýmingaráætlun fyrir leikskólann og gera hana sýnilega í leikskólanum.
- Gera þarf reglur um verklag vegna slysa og hafa sýnilegar.
- Gera þarf skipurit með starfslýsingum fyrir leikskólann, skrá hlutverk, verkaskiptingu og ábyrgð stjórnenda.
- Æskilegt væri að gera móttökuáætlun vegna ráðningar nýrra starfsmanna.
- Æskilegt væri að gera starfsmannastefnu og starfsmannahandbók fyrir leikskólann.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Í vettvangsathugun sáu matsaðilar að leikfangakostur innanhúss er ekki fjölbreyttur eða aðgengilegur fyrir börnin. Að sögn leikskólastjóra skýrist þetta af því að starfsmenn voru að vinna að breytingum í skipulagi á þeim tíma sem matið fór fram og ekki búið að koma efnivið fyrir á deildum. Efniviðurinn var því geymdur í skápum og ekki aðgengilegur fyrir börnin.⁴² Engu að síður mætti huga að því að leikföngin endurspegluðu betur þá hugmyndafræði sem leikskólinn vill tileinka sér og margbreytileika barnahópsins. Í rýnihóp barna kom fram að þau höfðu mismunandi skoðun á því hvort nóg væri til af leikföngum, helst að það vantaði meira legó.⁴³ Bækur eru á bókasafni leikskólans og í bókakössum inni á deildum. Efniviður fyrir skapandi starf er sýnilegur í sameiginlegu rými sem notað er meðal annars fyrir skapandi starf. Vísir að efnisveitu (Remida) er í þessu rými og mikið er til af öðru endurnýtanlegu efni sem ekki er aðgengilegt börnunum.

Einingar- eða holukubbar eru ekki til í leikskólanum. Leiktæki á útleiksvæði þarfnast endurbóta.

Starfshættir

Leikskólinn vinnur samkvæmt skóladagatali þar sem fram koma upplýsingar um helstu viðburði ársins.⁴⁴ Dagskipulag/stundatöflur taka mið af því að barnahópnum er skipt í yngri og eldri hóp sem eru til skiptis úti og inni. Þetta er gert til að nýta betur húsnæðið og geta boðið börnunum upp á fjölbreyttari verkefni. Við skipulag skólaársins eru stundatöflur lagðar fyrir starfsmannahópinn og leitað eftir skoðunum og viðbrögðum allra. Dagurinn skiptist í útivist, hópastarf og frjálsan leik. Matsmenn telja að skoða mætti jafnvægi milli borðleikja og gólfleikja. Í rýnihópi barna kom fram að þeim finnst gaman í hópastarfi.⁴⁵

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Lýðræðisleg þátttaka barna er ekki með nægilega markvissum hætti. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að hann telur verkefni of kennarastýrð og mikilvægt sé að leiðbeina nýju fólki við að gefa börnunum meira svigrúm til lýðræðislegrar þátttöku. Deildarstjórar sögðu börnin ekki hafa val í skipulögðu hópastarfi. Börnin sögðust ekki fá að velja hvað er gert í hópastarfi en stundum fá þau að skipta um verkefni í vali og að ráða við hverja þau leika.⁴⁶ Samkvæmt upplýsingum deildarstjóra hafa eldri börnin að hluta til áhrif á hvaða viðfangsefni eru í boði í vali og þau fá að skipta um verkefni í val tímanum. Deildarstjórar tóku þó fram að frekar en leyfa börnunum að skipta oft um viðfangsefni væri farin sú leið að starfsmenn taki þátt í leiknum með börnunum. Reynt sé að sjá til þess að starfsmenn séu alltaf til staðar með þeim.⁴⁷ Sem dæmi um lýðræði nefndu deildarstjórar að börnin hafi fengið að velja nafn á hópinn sinn. Á yngri deildinni velja börnin ekki hvaða viðfangsefni eru í boði í hópastarfi eða vali. Þau geta skipt um viðfangsefni í valinu út frá ákveðinni reglu, miðað er við um það bil 20 mínútur í hverju viðfangsefni. Deildarstjórar sögðu þetta snúast um að börnin þjálfu sig í samskiptum.⁴⁸ Börnin sögðu að þau færu með þulur til að velja hver á að byrja, til dæmis *úllen dúllen doff*.⁴⁹ Matsmenn urðu varir við þessar starfsaðferðir en sáu ekki mörg dæmi þess að starfsmenn væru í leik með börnunum.

Börnin velja bækur af bókasafni leikskólans til að setja í bókakassa sem staðsettir eru á deildum og þau velja þús fyrir deildina þegar þeim er skipt út. Börnin hafa ekkert um það að segja hvað er keypt inn fyrir leikskólann.

Lögð áhersla á að börnin hjálpi sér sem mest sjálf í matartíma og fataklefa eftir því sem þau hafa getu til. Starfsmenn hjálpa börnum að vinna úr ágreiningsmálum.⁵⁰ Í daglegu starfi, hópastarfi og samverustundum eru börn hvött til að segja frá og deila reynslu sinni.⁵¹ Matsmenn urðu vitni að þessari vinnu og áherslum starfsmanna á að allir fái jöfn tækifæri til að tjá sig.

Bínu reglur (reglur um sjálfstjórn) eru notaðar í leikskólanum. Deildarstjórar töldu að reglurnar væru flestar komnar frá starfsmönnum þó börnin hafi eitthvað verið spurð. Þeir sögðust reyna að nota jákvæða orðræðu sem leiðir frekar til árangurs en neikvæð og skipandi skilaboð eins og ekki gera þetta

42 Viðtal við leikskólastjóra.

43 Rýnihópur barna.

44 Skóladagatal.

45 Rýnihópur barna.

46 Rýnihópur barna.

47 Rýnihópur deildarstjóra.

48 Rýnihópur deildarstjóra.

49 Rýnihópur barna.

50 Rýnihópur starfsmanna.

51 Rýnihópur starfsmanna.

eða hitt. Þegar árekstrar verða milli barnanna er notuð hvíldarmotta fyrir þá sem þurfa að komast úr aðstæðum. Þessi aðferð er ekki notuð fyrir yngstu börnin. Börn eru hvött til að efla hugrekki sitt með því að smakka og æfa sig í að skammta sér sjálf.⁵² Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að í samræmi við áherslur leikskólans vilja þeir að það sjáist að kennararnir eru ekki bara með svörin, börnin eiga líka að koma með sínar tillögur. Þeir sögðust reyna að nota opnar spurningar og vinna áfram með hugmyndir sem börnin koma með.⁵³

Börnin nefndu nokkrar reglur í leikskólanum: má ekki meiða, sitja kyrr, hlusta, einn talar í einu, fylgjast með, hafa hendur og fætur hjá sér.⁵⁴ Matsmenn fylgdust með börnum í vali þar sem verkefni voru að mestu kennarastýrð og mismunandi hversu mikla möguleika börnin höfðu á að skipta milli verkefna.

Námssvið

Námskrá leikskólans sem unnin er í samræmi við aðalnámskrá frá 1999 hefur ekki verið endurskoðuð en í þeirri námskrá er að finna umfjöllun um námssvið leikskólans.

Leikskólinn hefur sett sér læsis/stærðfræðistefnu í samræmi við skriflegt samkomulag sem leikskólastjórar og fræðslufyrirvöld á starfssvæði Skólaskrifstofu Austurlands gerðu með sér árið 2015. Markmiðið er að flétta læsi og stærðfræði inn í alla þætti leikskólastarfsins. Áætlunin var gerð til fimm ára.⁵⁵ Ritmál er vel sýnilegt á eldri deild. Á yngri deild er ritmál og tölustafir lítið sýnilegir.

Matsmenn fylgdust með börnunum á eldri deild í Lubbastund, samverustundum og vísindastundum. Góð samræða og hlustun var í þessum stundum um það efni sem verið var að fjalla um. Stundirnar voru rólegar og starfsmenn hvöttu börnin til að tjá sig og sáu til þess að allir hefðu tækifæri til að taka þátt. Bækur eru aðgengilegar á deildum og lesið er daglega fyrir börnin.⁵⁶ Börn í rýnihópi þekkja fyrsta stafinn í nafninu sínu og fundu fyrsta staf í nöfnum matsmanna. Á eldri deild eru tölustafir vel sýnilegir og þar fylgdust matsmenn með börnunum í vísindastund.

Unnið er með heilbrigði og vellíðan í leikskólanum. Börnin fara í útiveru daglega og reglulega í vettvangsferðir. Elstu börnin fara í íþróttahús grunnskólans tvisvar í mánuði.⁵⁷ Fyrir og eftir hádegi alla daga er ávaxta- og grænmetisstund.

Unnið er samkvæmt umhverfismarkmiðum *Skóla á grænni grein*.⁵⁸ Hlustað er eftir áhuga barnanna í vettvangsferðum þegar eitthvað fangar athygli þeirra. Reynt er að nýta náttúruna í umhverfismennt og tengja nærumhverfið með því að fara út með minni hópa til að kynna umhverfinu. Að sögn deildarstjóra fer það eftir aldri barnanna hversu langt er hægt að fara í þessu.⁵⁹

Vinna með skapandi starf er ekki mjög sýnileg og aðgengi barna að efni til skapandi starfs ekki nægilega gott á þeim tíma sem matið fór fram. Í rýnihóp barna kom fram að þeim finnst skemmtilegt að fara í efnisveitu.⁶⁰

Velferð og líðan barna

Andrúmsloft á deildum er afslappað og einkennist af virðingu fyrir börnunum. Starfsmenn sinna börnunum einstaklingslega og leitast við að stuðla að því að allir eigi sinn rétt í barnahópnum. Foreldrar sögðu að börnunum liði vel í leikskólanum og væru glöð að fara í hann. Leitast er við að taka vel á móti hverju barni og kveðja í lok dags. Matsmenn sáu glöð og áhugasöm börn og börnin sögðu sjálf að þeim þætti gaman að vera í leikskólanum.⁶¹

Mat á námi og velferð barna

Hljóm-2, sem er greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barna, er lagt fyrir árlega. TRAS (n: Tidig registrering af sprákuþvöngu) er lagt fyrir reglulega og notað til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna og skima eftir þroska barnanna. EFI-2 málþroskaskimun er lögð fyrir börn á þriðja ári. Í undirbúningi er að nota MÍÓ – skimun í stærðfræði fyrir leikskólabörn. Íslenski þroskalistinn og Smábarnalistinn eru notaðir ef grunur vaknar um þroskafrávik. Ekki fara fram uppeldislegar skráningar í leikskólanum. Heilsugæslan kemur í leikskólann og gerir heilbrigðisskoðanir og góð samvinna er milli

52 Rýnihópur deildarstjóra.

53 Rýnihópur deildarstjóra.

54 Rýnihópur barna

55 Gögn frá leikskólastjóra.

56 Upplýsingar frá leikskólastjóra.

57 Upplýsingar frá leikskólastjóra.

58 Skóli á grænni grein.

59 Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

60 Rýnihópur barna.

61 Rýnihópur barna

heilsugæslu og leikskóla. Foreldrar taka þátt í að meta börnin í foreldrasamtölum og gerður er samanburður á mati heimilis og skóla.⁶² Starfsmenn leggja áherslu á að mynda tengsl við foreldrana og ná samvinnu um barnið. Deildarstjórar útfylla skemu og próf en starfsmenn hjálpast að við að fylgjast með náms- og þroskafrámförum barnanna. Deildarstjórar sjá um foreldraviðtöl. Fram kom í rýnihópum að samstarf innan deilda og í leikskólanum sem heild er gott og starfsmenn eru stoltir af því starfi sem unnið er með börnunum.⁶³ Samstarf og samábyrgð starfsmanna á deildum er sýnileg.

Styrkleikar

- Leikskólinn er með skóladagatal og dagskipulag/stundatöflur taka mið af því að börnin eru til skiptis úti og inni í þeim tilgangi að nýta betur húsnæði og bjóða börnunum fjölbreyttari verkefni.
- Unnið er með læsi og stærðfræði í leikskólanum.
- Unnið er með markvissa málörvun.
- Lögð er áhersla á að efla börnin í sjálfshjálp.
- Samstarf og samábyrgð starfsmanna er sýnileg í leikskólanum og andrúmsloft leikskólans er afslappað og einkennist af virðingu.
- Starfsmenn eru stoltir af starfi sínu og bera umhyggju fyrir börnunum.
- Unnið er með námssvið leikskólans í hópastarfi og daglegum athöfnum.
- Unnið er samkvæmt umhverfismarkmiðum Skóla á grænni grein.
- Í mati á þroska og frámförum barna eru notuð viðurkennd matstæki.
- Góð samvinna er milli heilsugæslu og leikskóla.

Tækifæri til umbóta

- Auka þarf áherslu á vinnu með skapandi starf og gera það sýnilegra í leikskólanum.
- Æskilegt er að skoða hvernig efniviður til skapandi starfs getur verið aðgengilegur fyrir börnin.
- Endurskoða þarf leikfangakost leikskólans í samræmi við stefnu hans.
- Leita ætti leiða til að auka lýðræðislega þátttöku barna.
- Auka þarf sýnileika ritmáls og stærðfræðitákna á yngri deild.
- Gera þarf umhverfismarkmið Skóla á grænni grein sýnilegri í leikskólanum.

62 Rýnihópur foreldra.

63 Rýnihópar deildarstjóra, starfsmanna og upplýsingar frá leikskólastjóra.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann sem fundar reglulega með leikskólastjóra. Foreldraráð hefur skilgreint hlutverk sitt sem er meðal annars að koma ábendingum foreldra á framfæri, fara yfir starfsáætlun, fjárhagsáætlun og skóladagatal. Foreldrar eru valdir í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélagsins, þrír eru í ráðinu og einn varamaður. Allar breytingar sem til standa á leikskólanum eru kynntar vel fyrir foreldrum í ráðinu og þau geta komið með tillögur. Bæði leikskólastjórinn og foreldrar eiga frumkvæði að því að koma málum á dagskrá foreldraráðsins. Foreldraráð hefur sett sér starfsreglur og upplýsingar um ráðið er að finna á heimasíðu leikskólans. Ráðið fundar fjórum sinnum yfir skólaárið. Tvisvar á ári funda foreldraráð í leikskólum Fljótsdalshéraðs. Foreldraráðin í þessum leikskólum eiga fulltrúa í skólanefnd sveitarfélagsins og funda sameiginlega vegna erinda sem eiga þau fara með á fund skólanefndar. Skrifaðar eru fundargerðir en þær eru ekki sýnilegar á heimasíðu leikskólans.⁶⁴

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Það tekur þátt í að styrkja hann vegna árlegra verkefna svo sem viðburða um jól og vorhátíðar. Foreldrafélagið styrkir leikskólann með gjöfum og kaupir inn leikýningar og dansnámskeið. Það gefur leikskólanum leikföng, leiktæki eða annað sem skólan skortir. Foreldrafélagið gefur börnunum jólagjafir og kostar jólasveina. Af og til stendur félagið straum af kostnaði við leikýningar og þá jafnvel í samstarfi við fleiri foreldrafélög. Gott samstarf er við stjórnendur leikskólans þegar viðburðir eru skipulagðir. Foreldrar í rýnihópi voru ekki nógu ánægður með mætingu á aðalfund foreldrafélagsins en það er með fésbókarsíðu og töldu þeir hana auðveldari leið til að ná til foreldra.⁶⁵

Leikskólinn er með þátttökuaðlögun en einnig einstaklingsmiðaða aðlögun sem fer eftir aðstæðum hverju sinni. Leikskólinn sendir nýjum foreldrum pappíra með upplýsingum um leikskólann áður en barnið byrjar í leikskólanum. Í niðurstöðum úr foreldrakönnun kemur fram að foreldrar eru ánægðir með skipulag aðlögunar í leikskólanum.⁶⁶

Samkvæmt niðurstöðum úr foreldrakönnun og upplýsingum frá rýnihópi foreldra eru þeir ánægðir með samskipti við leikskólastjórnendur og segja gott aðgengi að þeim. Foreldrar í rýnihópi sögðust þekkja stefnu leikskólans, Reggio hugmyndafræðina og áherslu leikskólans á útivist. Þeir sögðust sjá stefnuna í starfinu og nefndu þar endurnýtanlegan efnivið svo sem til jólaföndurs og skóflur úr gömlum málningardósum. Stefnan kemur einnig fram á heimasíðunni. Foreldrar mundu ekki einkunnarorðin og sögðust ekki hafa komið að því að móta stefnu leikskólans.

Upplýsingum um leikskólastarfið er komið til foreldra með tölvupóstum sem deildarstjórar senda vikulega og með appinu Karellen. Foreldrar sögðust geta sent skilaboð til leikskólans í gegnum Karellen. Leikskólinn leggur áherslu á að hafa allar upplýsingar á heimasíðu leikskólans og foreldrum reglulega bent á að nota hana. Foreldrar sögðust þekkja heimasíðu leikskólans en nota hana ekki mikið, leita frekar upplýsinga á skóladagatalinu. Sögðust fá senda tölvupósta mánaðarlega um deildarstarfið en sakna mánaðarskemans sem þeir fengu sent áður. Upplýsingar um starfsdaga eru á skóladagatali en þeir fá ekki send sérstaklega skilaboð heim vegna þeirra. Viðburðir eru auglýstir á töflum á deildum. Foreldrar í rýnihópi sögðust vera ánægðir með upplýsingagjöfina.⁶⁷ Í niðurstöðum úr foreldrakönnun kemur fram ánægja með upplýsingar leikskólans.⁶⁸

Á kynningarfundum að hausti er starf komandi árs kynnt og lýstu foreldrar í rýnihópi ánægju með það fyrirkomulag.⁶⁹ Á opnum dögum geta foreldrar komið og kynnt sér starfið á deildum. Foreldrahandbók er ekki til í leikskólanum en upplýsingar um foreldrasamstarf eru settar inn á heimasíðuna. Þegar ræða þarf viðkvæm mál við foreldra eru fundirnir haldnir í leikskólanum og reynt að skapa þægilegt andrúmsloft.⁷⁰

Foreldrar taka þátt í jólaföndri, vorhátíð, koma á opið hús og fara með í sveitaferð, þessir viðburðir eru yfirleitt vel sóttir og sama er að segja um ömmu- og afadaga. Foreldrar sögðust vera lítið virkir í leikskólastarfinu fyrir utan þessa viðburði og væru ekki hvattir sérstaklega til að dvelja í leikskólanum og

64 Rýnihópur foreldra.

65 Rýnihópur foreldra.

66 Skólapúlsinn, foreldrakönnun.

67 Rýnihópur foreldra.

68 Skólapúlsinn, foreldrakönnun.

69 Rýnihópur foreldra.

70 Viðtal við leikskólastjóra.

fylgjast með. Foreldrar sögðu vel tekið á þörfum einstakra barna og nefndu sem dæmi góð viðbrögð við bráðaofnæmi barns og vinnu með sérkennslu og málörvun.⁷¹

Foreldrar eru ánægðir með vinnu leikskólans varðandi upplýsingar um þroska og framfarir barna og samstarf um þessa þætti.⁷² Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári. Þar sögðust foreldrar fá upplýsingar um félagsþroska barnanna, samskipti, framfarir í almennum þroska og niðurstöður úr ýmsum skimunum. Varðandi mat á þroska barnanna þá eru foreldrar spurðir og hafðir með í ráðum. Foreldrar töldu að góð vinnubrögð væru höfð í tengslum í við mat á þroska barnanna. Óskum og ábendingum frá foreldrum væri vel mætt og foreldrar fá alltaf upplýsingar ef eitthvað kemur upp á. Starfsfólk tekur foreldrum vel þegar þeir leita eftir

Viðhorf foreldra

Í foreldrakönnun kom fram mikil óánægja með húsnæði leikskólans.⁷³ Sögðu þeir að aðbúnaðurinn í leikskólanum væri ekki góður og það bitni á starfsandanum. Hjá foreldrum í rýnihópi kom fram að nauðsynlegt væri að stækka leikskólann og bæta útileiksvæðið. Foreldrar voru ánægðir með hvernig skipulagið er í leikskólanum með skiptingu hópsins úti og inni og töldu gott að ekki væri verið með öll börnin úti í einu. Foreldrar bentu á að mikilvægt væri að skipta lóðinni og skapa öruggara svæði fyrir yngstu börnin.⁷⁴ Að mati foreldra eru starfsmenn almennt mjög hlýir og þægilegir. Vel er tekið á móti börnunum á morgnana Foreldrar töldu verkefni barnanna almennt þroskandi. Þeir voru ánægðir með málörvun og vinnu með læsi, sögðu að börnin væru ánægð með þessi verkefni og heima væru þau að ríma, vinna með stafi og klappa hljóð/atkvæði. Að sögn foreldra líður börnunum vel, þau eru áhuga-söm og oft er erfitt að fá þau heim.⁷⁵ Sömu niðurstöður komu fram í foreldrakönnun.⁷⁶

Samstarf við grunnskóla

Formlegt samstarf er milli leikskóla- og grunnskóla. Leikskólastjóri, deildarstjóri og kennari yngstu barna grunnskólans gera árlega áætlun um samstarf milli skólanna. Leikskólabörn og grunnskólabörn koma í gagnkvæmar heimsóknir yfir veturinn og leikskólabörnin fara í tveggja daga vorskóla í grunnskólann. Í foreldrakönnun kom fram ánægja með samvinnu skólanna og flutning milli skólástiga.⁷⁷

Annað samstarf

Samstarf er við Minjasafn Austurlands, safnastjórinn kemur í heimsókn í tengslum við viðburði eins og þegar þorri er blótaður. Samstarf er um barnameningarhátíð þar sem leikskólarnir á Austurlandi taka allir þátt og er hátíðinni stýrt af Austurbrú í samstarfi við menningarfulltrúa sveitarfélaganna. Starfsmenn leikskólanna vinna í undirbúningsteymi fyrir hátíðina. Vinnan stendur yfir í september með menningarlegum uppákomum í uppeldis- og menntastofunum héraðsins. Leikskólinn hefur tekið þátt í verkefni um Lagarfljótsorminn ásamt leik- og grunnskólum Fljótsdalshéraðs. Óformlegt samstarf er við eldri borgara. Skólástjórar og aðstoðarskólástjórar leik- og grunnskóla Fljótsdalshéraðs funda saman mánaðarlega. Sérkennslustjórar í leikskólunum funda einnig reglulega. Leikskólarnir á Fljótsdalshéraði stilla saman starfsdaga leikskólanna.

Styrkleikar

- Foreldraráð er starfandi við leikskólann.
- Foreldraráð hefur sett sér starfsreglur og fundar reglulega með leikskólastjóra. Ráðið hefur skilgreint hlutverk sitt sem er meðal annars að fara yfir starfsáætlun, fjárhagsáætlun og skóladagatal. Foreldraráð Hádegishöfða og Tjarnarskógar funda saman tvisvar á ári.
- Foreldrar eru ánægðir með upplýsingagjöf leikskólans og samskipti við stjórnendur og starfsfólk leikskólans.
- Foreldrar þekkja stefnu leikskólans.
- Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári og foreldrar eru ánægðir með samstarf um uppeldi barnanna.

71 Rýnihópur foreldra.

72 Rýnihópur foreldra og foreldrakönnun.

73 Rýnihópur foreldra og foreldrakönnun.

74 Rýnihópur foreldra og foreldrakönnun.

75 Rýnihópur foreldra.

76 Skólapúlsinn, foreldrakönnun.

77 Foreldrakönnun.

- Foreldrar eru ánægðir með vinnu leikskólans í tengslum við mat á þroska barna og viðbrögð leikskólans við þörfum einstakra barna.
- Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og er í góðu samstarfi við stjórnendur leikskólans og styður vel við leikskólastarfið.
- Gott samstarf er við stofnanir í nærsamfélaginu svo sem grunnskóla, tónlistarskóla, Minjasafn Austurlands og eldri borgara.
- Leikskólarnir á Fljótsdalshéraði samræma starfsdaga leikskólanna.

Tækifæri til umbóta

- Tryggja þarf aðkomu foreldra og starfsmanna að stefnumótun leikskólans.
- Gera þarf fundargerðir foreldraráðs sýnilegar á heimasíðu leikskólans.

Skóli án aðgreiningar

Skólabjónusta og sérkennsla

Leikskólinn hefur gert verkferla fyrir sérkennslu/stuðning (viðbótarkennsla) en ekki er til stefna um sérkennslu/stuðning. Við leikskólann starfar sérkennslustjóri sem er í leyfi þetta skólaár. Leikskólustjóri leysir af sérkennslustjóran og ber ábyrgð á skipulagi sérkennslu, samskiptum við greiningaraðila og býr til einstaklingsáætlanir ásamt viðkomandi deildarstjóra. Leikskólinn leggur áherslu á snemmtæka íhlutun og fer eftir ákveðnu ferli sem er óskráð. Fyrst fer athugun fram á deild með aðstoð sérkennslustjóra sem í samráði við foreldra tekur ákvörðun um áframhaldandi vinnu. Skólaskrifstofan sér um fyrstu greiningu og vísar til frekari greiningar þegar með þarf. Talmeinafræðingur kemur í leikskólann einu sinni í viku til að vinna með börn sem hafa fengið greiningu. Sérkennslustjóri sér um að skipuleggja málörvun.⁷⁸

Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir stuðningsbörn sem eru með greiningu og teymi er myndað kringum þau. Í teyminu er sérkennslustjóri, kennari á deild, foreldrar og stundum fulltrúi félagsþjónustu. Ekki er gerð ítarleg einstaklingsnámskrá fyrir stuðningsbörn sem ekki eru með greiningu. Í leikskólanum er lögð áhersla á að veita svigrúm til að bjóða upp á minni hópa svo hægt sé að mæta ólíkum þörfum barna. Kynning á sérþörfum barna er fyrir starfsfólk leikskólans og fræðsla til starfsmanna á viðkomandi deildum. Starfsfólk sem sinnir sérkennslu er valið út frá áhuga, reynslu og þekkingu viðkomandi. Foreldrar eru ánægðir með skipulag sérkennslu og ráðgjöf við foreldra.⁷⁹

Börn með annað móðurmál en íslensku

Lögð er áhersla á að þjálfra börn sem eiga annað móðurmál en íslensku í tjáningu og orðaforða og þau fá tíma í málörvun. Reynt er að vinna með fjölmenningu í leikskólanum og hefur hann verið með samstarf milli heimilis og skóla með orðabókinni *Ljáðu mér orð*.⁸⁰ Foreldrar eru ánægðir með hvernig börnum af ólíkum uppruna er mætt í leikskólanum.⁸¹ Ekki eru upplýsingar á öðrum tungumálum en íslensku á heimasíðu leikskólans. Á heimasíðu sveitarfélagsins eru upplýsingar um leik- og grunnskóla á tveim erlendum tungumálum, ensku og pólsku.⁸²

Styrkleikar

- Lögð er áhersla á að allir starfsmenn þekki aðstæður sérkennslubarna.
- Talmeinafræðingur þjónustar börn með greiningu.
- Börn sem eiga annað móðurmál en íslensku fá íslenskukennslu og málörvun.
- Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir stuðningsbörn með greiningu og teymi er myndað í kringum þau.
- Reynt er að vinna með fjölmenningu í leikskólanum og með samstarf á milli heimilis og skóla.

Tækifæri til umbóta

- Móta þarf stefnu um sérkennslu í leikskólanum.

78 Rýnihópur deildarstjóra.

79 Rýnihópur foreldra og foreldrakönnun.

80 Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

81 Foreldrakönnun.

82 Heimasíða Fljótisdalshéraðs.

Innra mat

Leikskólinn nýtir sér foreldra- og starfsmannakannanir Skólapúlsins. Annað árið er gerð foreldra-könnun og hitt árið starfsannakönnun. Leikskólinn er ekki með áætlun um innra mat, en ætlunin var að leikskólarnir á Fljótsdalshéraði gerðu sameiginlega áætlun um innra mat en sú áætlun hefur ekki komið til framkvæmda. Í tengslum við mat á Grænfánaverkefni kemur hluti barnanna að mati á verkefninu (eldri börnin). Í leikskólanum hafa verið ræddir möguleikar á að þróa þessa aðferð fyrir fleiri svið skólustarfsins. Einnig hefur verið rætt um að nýta hugmyndir sem starfsmenn hafa fengið frá leikskólanum Aðalþing. Ekki er starfandi matsteymi í leikskólanum. Niðurstöður úr könnunum Skólapúlsins eru kynntar fyrir starfsmönnum og foreldrum og niðurstöður úr Grænfánaverkefninu eru kynntar fyrir börnunum. Niðurstöður nýttar við gerð starfsáætlunar næsta skólaár.⁸³ Foreldrar vissu ekki hvort annað innra mat fari fram og þeir taka ekki þátt í ákvörðunum um hvað á að meta í innra mati.⁸⁴

Styrkleikar

- Leikskólinn nýtir þjónustu Skólapúlsins og niðurstöður úr könnunum eru kynntar fyrir starfsmönnum og foreldrum og nýttar við gerð starfsáætlunar.
- Börnin koma að mati í leikskólanum í gegnum mat á grænfánaverkefni.

Tækifæri til umbóta

- Skipa matsteymi í leikskólanum með þátttöku allra deilda og hagsmunaaðila.
- Gera matsáætlun til nokkurra ára, sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.
- Gera nákvæma matsáætlun fyrir skólaárið sem unnið er markvisst eftir. Fram þarf að koma hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengist markmiðum leikskólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvaða viðmið liggja til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu.
- Tryggja þarf aðkomu starfsmanna, foreldra og barna að innra mati.
- Þegar niðurstöður liggja fyrir þarf að skrifa greinargerð um innra mat, þar sem dregin eru fram helstu styrkleikar og tækifæri til umbóta.
- Gera nákvæma umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta þar sem m.a. kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær, hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.

83 Viðtal við leikskólastjóra.

84 Rýnihópur foreldra.

Matsþættir

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

A > 3,6 – 4 = **Grænt** – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B > 2,6 – 3,5 = **Ljósgrænt** – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C > 1,6 – 2,5 = **Gult** – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D > 1,0 – 1,5 = **Rautt** – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi Leikskólans Hádegishöfða: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð.
- Unnið er með ákveðnar áherslur í leikskólastarfinu.
- Leikskólinn er *Leikskóli á grænni grein*.
- Áherslur menntastefnu Fljótaldalshéraðs endurspeglast í starfi leikskólans.
- Leikskólinn er í góðu samstarfi við fræðslustjóra og fræðslunefnd Fljótaldalshéraðs.
- Leikskólinn vinnur samkvæmt jafnréttis- og forvarnarstefnu sveitarfélagsins og hefur mótað áfallaáætlun.
- Til er áætlun um upphaf leikskólagöngu barna.
- Í leikskólanum eru góðar starfslýsingar fyrir alla starfsmenn.
- Starfsmenn eru ánægðir með upplýsingaflæði innan leikskólans.
- Fylgt er lögum við ráðningu nýrra starfsmanna og starfsmenn skrifa undir trúnað og þagnarheit.
- Starfsmenn fá tækifæri og svigrúm til símenntunar.
- Lögð er áhersla á að dreifa verkefnum, nýta mannauðinn og vinna í teyrum og starfsmenn eru stoltir af starfi sínu.
- Starfsmenn og foreldrar eru ánægðir með stjórn leikskólans.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna starf á deilum og milli deilda.
- Góður starfsandi er í leikskólanum og lögð áhersla á að viðhalda honum.
- Leikskólakennarar fá umsaminn undirbúningstíma.
- Leikskólinn er með skóladagatal og dagskipulag/stundatöflur taka mið af því að börnin eru til skiptis úti og inni í þeim tilgangi að nýta betur húsnæði og bjóða börnunum fjölbreyttari verkefni.
- Unnið er með læsi og stærðfræði í leikskólanum.
- Unnið er með markvissa málörvun.
- Lögð er áhersla á að efla börnin í sjálfshjálp.
- Samstarf og samábyrgð starfsmanna er sýnileg í leikskólanum og andrúmsloft er afslappað og einkennist af virðingu.
- Starfsmenn eru stoltir af starfi sínu og bera umhyggju fyrir börnunum.

- Unnið er með námssvið leikskólans í hópastarfi og daglegum athöfnum.
- Unnið er samkvæmt umhverfismarkmiðum *Skóla á grænni grein*.
- Í mati á þroska og framförum barna eru notuð viðurkennd matstæki.
- Góð samvinna er milli heilsugæslu og leikskóla.
- Foreldraráð er starfandi við leikskólann.
- Foreldraráð hefur sett sér starfsreglur og fundar reglulega með leikskólastjóra. Ráðið hefur skilgreint hlutverk sitt sem er meðal annars að fara yfir starfsáætlun, fjárhagsáætlun og skóladagatal. Foreldraráð Hádegishöfða og Tjarnarskógar funda saman tvisvar á ári.
- Foreldrar eru ánægðir með upplýsingagjöf leikskólans og samskipti við stjórnendur og starfsfólk leikskólans.
- Foreldrar þekkja stefnu leikskólans.
- Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári og foreldrar eru ánægðir með samstarf um uppeldi barnanna.
- Foreldrar eru ánægðir með vinnu leikskólans í tengslum við mat á þroska barna og viðbrögð leikskólans við þörfum einstakra barna.
- Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og er í góðu samstarfi við stjórnendur og styður vel við leikskólastarfið.
- Gott samstarf er við stofnanir í nærsamfélaginu svo sem grunnskóla, tónlistarskóla, Minjasafn Austurlands og eldri borgara.
- Leikskólarnir á Fljótsdalshéraði samræma starfsdaga leikskólanna.
- Lögð er áhersla á að allir starfsmenn þekki aðstæður sérkennslubarna.
- Talmeinafræðingur þjónustar börn með greiningu.
- Börn sem eiga annað móðurmál en íslensku fá íslenskukennslu og málörvun.
- Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir stuðningsbörn með greiningu og teymi er myndað í kringum þau.
- Reynt er að vinna með fjölmenningu í leikskólanum og með samstarf á milli heimilis og skóla.
- Leikskólinn nýtir þjónustu Skólapúlsins og niðurstöður úr könnunum eru kynntar fyrir starfsmönnum og foreldrum og nýttar við gerð starfsáætlunar.
- Börnin koma að mati í leikskólanum í gegnum mat á grænfánaverkefni.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa.
- Mikilvægt er að bæta sem fyrst húsnæðisaðstöðu barna og starfsmanna og endurskipuleggja útileiksvæði leikskólans.
- Gera þarf einkunnarorð leikskólans sýnilegri fyrir starfsmenn og foreldra.
- Leita þarf leiða til að styrkja starfshópin í að vinna í samræmi við áherslur leikskólans.
- Fræðsluyfirvöld Fljótsdalshéraðs og Skólaskrifstofa Austurlands taki til umræðu ábendingar leikskólastjóra um langa bið eftir sálfræði- og þroskamati og sérfræðiþjónustu.

- Í samræmi við Aðalnámskrá 2011 þarf vinna starfsáætlun með aðkomu allra starfsmanna, foreldra og barna.
- Ljúka þarf endurskoðun skólanámskrár með aðkomu allra starfsmanna, foreldra og barna.
- Tryggja þarf að allir starfsmenn fái starfsþróunarsamtal við leikskólastjóra árlega.
- Gera þarf öryggis og rýmingaráætlun fyrir leikskólann og gera hana sýnilega í leikskólanum.
- Gera þarf reglur um verklag vegna slysa og hafa sýnilegar.
- Gera þarf skipurit með starfslýsingum fyrir leikskólann, skrá hlutverk, verkaskiptingu og ábyrgð stjórnenda.
- Æskilegt væri að gera móttökuáætlun vegna ráðningar nýrra starfsmanna.
- Æskilegt væri að gera starfsmannastefnu og starfsmannahandbók fyrir leikskólann.
- Auka þarf áherslu á vinnu með skapandi starf og gera það sýnilegra í leikskólanum.
- Æskilegt er að skoða hvernig efniviður til skapandi starfs getur verið aðgengilegur fyrir börnin.
- Endurskoða þarf leikfangakost leikskólans í samræmi við stefnu hans.
- Leita ætti leiða til að auka lýðræðislega þátttöku barna.
- Auka þarf sýnileika ritmáls og stærðfræðitákna á yngri deild.
- Gera þarf umhverfismarkmið *Skóla á grænni grein* sýnilegru í leikskólanum.
- Tryggja þarf aðkomu foreldra og starfsmanna að stefnumótun leikskólans.
- Gera þarf fundargerðir foreldraráðs sýnilegar á heimasíðu leikskólans.
- Móta þarf stefnu um sérkennslu í leikskólanum.
- Skipa matsteymi í leikskólanum með þátttöku allra deilda og hagsmunaaðila.
- Gera matsáætlun til nokkurra ára, sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.
- Gera nákvæma matsáætlun fyrir skólaárið sem unnið er markvisst eftir. Fram þarf að koma hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengist markmiðum leikskólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvaða viðmið liggja til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu.
- Tryggja þarf aðkomu starfsmanna, foreldra og barna að innra mati.
- Þegar niðurstöður liggja fyrir þarf að skrifa greinargerð um innra mat, þar sem dregnir eru fram helstu styrkleikar og tækifæri til umbóta.
- Gera nákvæma umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta þar sem m.a. kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær, hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í Leikskólanum Hádegishöfða leiðir í ljós að þar fer fram gott leikskólastarf í samræmi við áherslur og menntastefnu sveitarfélagsins. Starfsmenn leggja metnað í að skapa börnunum góð uppeldis- og þroskaskilyrði. Börnunum líður vel í leikskólanum og foreldrar eru ánægðir með uppeldisstarf leikskólans og samskipti við starfsmenn og stjórnendur. Gott samstarf er milli leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Leikskólinn á í samstarfi við aðrar stofnanir í samfélaginu og viðhorf samfélagsins til leikskólans er gott. Áfram þarf að leita leiða til að fjölga leikskólakennurum í skólanum. Gera þarf umbætur á húsnæði og útileiksvæði svo það standist betur lög og reglugerðir og auki möguleika á fjölbreyttu leikskólastarfi. Auka þarf lýðræðislega þátttöku barna. Ljúka þarf endurskoðun námskrár með aðkomu starfsmanna, foreldra og barna. Bæta þarf innra mat leikskólans og tryggja aðkomu allra aðila leikskólasamfélagsins.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef 26. september 2018. Slóðin er:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Leikskóladagatal 2018-2019. Sótt á vef 8. október 2018. Slóðin er

<http://hadegishofdi.leikskolinn.is/Skolastarfid/Skoladagatal>

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008. Sótt á vef 8. október 2018. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008087.html>

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009. Sótt á vef 8. október 2018.

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/655-2009>

Upplýsingar frá leikskólastjóra.

Upplýsingar frá fræðslustjóra.

Læsisstefna Hádegishöfða. Sótt á vef 26. september 2018. Slóðin er:

<http://www.leikskolinn.is/hadegishofdi/skjalasafn/hadegishofdi166.pdf>

Heimasíða Fljótshéraðs. Sótt á vef 26. september 2018. Slóðin er:

<https://www.fljotsdalsherad.is/is/>

Heimasíða Fljótshéraðs. Sótt á vef 5. nóvember 2018. Slóðin er:

<https://www.fljotsdalsherad.is/is/frettir/byggt-vid-leikskolann-hadegishofda>

Heimasíða Fljótshéraðs. Sótt á vef 5. nóvember 2018. Slóðin er:

<https://www.fljotsdalsherad.is/is/frettir/samid-um-fraedsluaetlun-fyrir-ofaglaerda-i-skolum>

Heimasíða Hádegishöfða. Sótt á vef 27. september 2018. <http://www.leikskolinn.is/hadegishofdi/>

Skóli á grænni grein. Sótt á vef 10. október 2018. Slóðin er: <https://graenfaninn.landvernd.is>

Foreldrakönnun 2017-2018. Skólapúlsinn.

Viðtöl:

Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

